

## KJARASAMNINGUR

milli

Bsf. Sleipnis

og

Samtaka atvinnulífsins

### 1. gr.

Allir kjarasamningar aðila þ.m.t. sérkjarasamningar framlengjast til 31. desember 2014 með þeim breytingum sem í samningi þessum felast.

### 2. gr.

#### **Kaupliðir**

##### Almenn launahækkun

Hinn 1. janúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

##### Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er kr. 29.500.

##### Launatafla

Ný launatafla tekur gildi frá 1. janúar 2014, sjá forskj.

### 3. gr.

#### **Breytt ákvæði kjarasamnings**

Ákvæði kjarasamnings aðila um veikindi og slys í orlofi og um skriflega staðfestingu ráðningar taka sömu efnis breytingum og samið var um í kjarasamningi SA og aðildarfélaga ASÍ, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

#### **Samningsforsendur**


Samningur þessi byggir á sömu efnahagsforsendum og kjarasamningur SA og ASÍ frá 21. desember 2013, (aðfararssamningur, efnahagsumgjörð og viðræðuáætlun).

### 4. gr.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal kynnt eigi síðar en 25. febrúar 2014.

Reykjavík, 18. febrúar 2014

F.h. Bsf. Sleipnir



F.h. Samtaka atvinnulífsins



---

## Veikindi og slys í orlofi

---

Ákvæði kjarasamnings SA og Bsf. Sleipnis um veikindi í orlofi breytist og hljóði svo:

### Veikindi og slys í orlofi

„Veikist starfsmaður í orlofi innanlands, í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti, rafpósti eða á annan sannanlegan hátt nema force major aðstæður hindri en þá um leið og því ástandi léttir. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni, standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa og tilkynni hann atvinnurekanda innan þess frests hvaða læknir annist hann eða muni gefa út læknisvottorð, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum ástæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Atvinnurekandi á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á. Sömu reglur og að ofangreindir gilda um slys í orlofi.“

---

## Skrifleg staðfesting ráðningar

---

Við ákvæði kjarasamninga um ráðningarsamninga og ráðningarbréf bætist eftirfarandi ákvæði:

### Réttur til skaðabóta

„Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum.“

JEP

BS<sup>2</sup> 109.

## Launatafla Bsf. Sleipnis frá 1. janúar 2014 vegna hópferðabifreiðastjóra

	<b>Mán.laun</b>	<b>Víkukaup</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>
Byrjunarlaun 18 ára	229.798	53.031	1.325,78	2.386,45	437,51	596,60
Eftir 1 árs starf í starfsgrein	231.814	53.496	1.337,41	2.407,39	441,35	601,83
Eftir 3 ára starf í starfsgrein	233.859	53.968	1.349,21	2.428,63	445,24	607,14
Eftir 5 ára starf í starfsgrein	235.936	54.448	1.361,20	2.450,20	449,20	612,54
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	238.043	54.934	1.373,35	2.472,08	453,21	618,01
Fatapeningar bifr.stjóra á mánuði.	3.885*	<i>*Ef fatnaður er ekki lagður til</i>				

JRP

Y.S.<sup>3</sup> 108